FRÉTTABRÉF 2

NEXTGEN Tourism
Hæfni fyrir kynslóðaskipti í ferðaþjónustufyrirtækjum

NÝ ÚRRÆÐI

Fyrstu tvö úrræðin okkar eru komin út. Next GEN Tourism hæfniramminn og námskráin hafa nú verið gefin út og eru aðgengileg án endurgjalds. Þau veita ferðaþjónustu-fyrirtækjum, kennurum og leiðbeinendum og ráðgjöfum hagnýtan útgangspunkt fyrir undirbúning

Bæði úrræðin eru aðgengileg á ensku og íslenskar, þýskar og slóvenskar útgáfur verða aðgengilegar fljótlega.

HAGNÝT ÁÆTLANAGERÐ KYNSLÓÐASKIPTA FYRIR LÍTIL OG MEÐALSTÓR FERÐAÞJÓNUSTUFYRIRTÆKI

Í Evrópu eru meira en níu af hverjum tíu ferðaþjónustu-fyrirtækjum lítil eða meðalstór fyrirtæki og stór hluti þeirra eru fjölskyldufyrirtæki. Samt eru flest þeirra án formlegrar áætlunar um hvað tekur við þegar núverandi eigandi dregur sig í hlé. Án slíkrar áætlunar getur annars heilbrigður rekstur lent í hættu á að loka þegar kemur að kynslóðaskiptum og með honum geta tapast staðbundin störf og þekking.

Þessi tvö úrræði sýna hvað þarf til að tryggja farsæl kynslóðaskipti og hvernig hægt er að kenna það.

7
Hæfnisvið í hæfnirammanum

7 x 4
Námseiningar í fjórum Lotum kynslóðaskipa-ferlisins

3
Lönd í rýnihópa-Rannsókninni

4
Tungumál, ókeypis til Niðurhals og aðlögunar

ÞAÐ SEM RANNSÓKNIRNAR LEIDDU Í LJÓS

Við héldum rýnihópa í Austurríki, Íslandi og Slóveníu með eigendum fyrirtækja, arftökum, starfsmenntunar-aðilum og ráðgjöfum sem styðja við kynslóðaskipti í fjölskyldufyrirtækjum.

Svipuð mynstur komu fram í öllum löndunum þremur. Kynslóðaskipti eru gjarnan meðhöndluð sem lagalegt og fjárhagslegt viðfangsefni, á meðan erfiðari spurningarnar eru látnar ósagðar. Eigendur eiga erfitt með að draga sig í hlé frá hlutverki sem hefur mótað sjálfsmynd þeirra. Arftakar eiga í erfiðleikum með að festa sig í sessi sem leiðtogar gagnvart starfsfólki sem hefur þekkt þá árum saman. Fjölskyldur fresta samtalinu þar til aðstæður knýja þær til þess.

Þessar niðurstöður mótuðu hæfnirammann upp á nýtt og leiddu til aukinnar áherslu á tengsl, leiðtogaskipti og samfellu vörumerkisins.

FYRIR HVERJA ERU ÞESSI ÚRRÆÐI?

Kennarar og leiðbeinendur í starfsmenntun, þjálfarar og viðskiptaráðgjafar fá heildstæða námskrá um viðfangsefni sem fáir starfsmenntunaraðilar kenna um þessar mundir, ásamt hæfniramma sem veitir skýra umgjörð utan um þann stuðning sem þeir þegar veita. Frjálst er að aðlaga efnið samkvæmt opnu leyfi.

Eigendur ferðaþjónustufyrirtækja og arftakar þeirra, þar á meðal konur í frumkvöðlastarfi, eigendur fyrirtækja í dreifbýli og þeir sem taka við rekstri í fyrsta sinn, fá skýra mynd af því hvað kynslóðaskipti fela í sér og hvaða hagnýtu skref þeir geta tekið á meðan enn er tími til.

SÆKIÐ ÚRRÆÐIN

Úrræðin eru aðgengileg á
nextgentourism.eu

Notið þau, deilið þeim og segið okkur hvernig þau nýtast í framkvæmd. Við viljum gjarnan heyra frá kennurum og leiðbeinendum sem nýta námskrána í eigin kennslu.







HÆFNIRAMMINN

Sjö hæfnisvið

1. Leiðtogaskipti og rekstrarsamfella
2. Eigendaskipti, stjórnhættir og stjórnunarvald
3. Stefnumótun, sjálfbærni og endurnýjun rekstrar
4. Fjármálaáætlun og áhættustýring
5. Ferðaþjónustuumhverfi, markaðsumhverfi og ytri áhrif
6. Kynslóðaskipti og tengsl milli kynslóða
7. Markaðssetning og vörumerkjastjórnun

Hvert hæfnisvið er skilgreint út frá þeirri þekkingu, færni og viðhorfum sem þarf.



NÁMSKRÁIN

Sjö námseiningar, fjórar lotur

- Að skilja stöðu fyrirtækis og undirbúa kynslóðaskipti
- Að skipuleggja framtíðina og undirbúa eigendaskipti
- Fólk, forysta og tengsl
- Fjárhagslegt öryggi og vöxtur eftir eigendaskipti

Með námsmarkmiðum, kennsluáætlunum, dæmisögum og hagnýtum verkfærum. Hönnuð fyrir staðnám, blandað nám eða sjálfstætt nám.

HVAÐ GERIST NÆST?

Nú þegar hæfniramminn og námskráin eru tilbúin færist verkefnið yfir í:

- Einingaskipt námskeið, ókeypis á netinu og í stuttum einingum
- Kennslupakka fyrir kennara og leiðbeinendur í starfsmenntun ásamt verkfærakistu fyrir kynslóðaskipti
- Stafrænt matstæki á undirbúningi fyrir kynslóðaskipti
- Dæmisögur frá raunverulegum fyrirtækjum
- Þekkingarmiðstöð sem sameinar allt efnið á einum stað

Kynningarviðburðir verða haldnir á Íslandi, Írlandi, í Slóveníu og Austurríki árið 2027.

Samstarfsaðilar verkefnisins

Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri
MCI THE ENTREPRENEURIAL SCHOOL
momentum [educate + innovate]
RAZVOJNI CENTER SRCA SLOVENIJE
the vision works
garmeach TRAINING

Hafið samband til að fá frekari upplýsingar

This resource is licensed under CC BY 4.0

Co-funded by the European Union

Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them.